

## STF-2018-11 Fjallahjólasklóðagerð

**Markmið:** Markmiðið er að vinna í gerð hjólaslóða og uppsetningu á æfingabraut (e. pump track) hjá Iceland Bike Farm í Skaftárhreppi. Unnið verður að slóðagerð vorið 2018 sem tilbúin verða til notkunar sama sumar, en síðan verður haldið áfram með slóðagerð sem bætast þá við sumarið 2019. Æfingabrautin verður unnin sumar og haust 2018 svo hún verði tilbúin til notkunar ekki seinna en sumarið 2019.

**Lýsing:** Iceland Bike Farm verður fyrsta og eina náttúrulega hjólalandið á Íslandi þar sem ávallt er hjólað með leiðsögn heimamanna/landeigenda. Þar verður boðið upp á fjölbreyttar dagsferðir og nokkurra daga ferðir sem henta öllum tegundum fjallahjólara, frá byrjendum til mjög reyndra fjallahjólara. Sumarið 2018 opnar einnig gisting í lúxus tjöldum (e. glamping) fyrir hjólagesti. Þó markhópurinn sé að stærstum hluta erlendir ferðamenn með áhuga á fjallahjólreiðum, er það okkar markmið að ná meira til Íslendinga og kynna fyrir þeim þetta frábæra svæði sem við höfum til hjólreiða og útivistar af öllu tagi, og ekki síst krakka og unglina. Frá og með sumrinu 2018 munum við bjóða upp á gistingu í svokölluðu Glamping, eða lúxus tjöldum með uppábúnum rúmum. Tjöldin verða hjá gömlu fjárhúsi og hlöðu sem við erum að vinna í að gera upp sem aðstöðuhús. Þar verður hægt að útbúa mat og eiga notalegar stundir í góðum hópi, aðstaða fyrir hjól og hjólaverkstæði, vatnssalerni og sturta svo aðstaða verður eins og best verður á kostið. Með þessum kosti getum við boðið upp á pakkaferðir þar sem við sjáum um okkar gesti frá upphafi til enda og náum vonandi að skapa þá stemningu sem við viljum hafa; að vera lengst út í sveit, í fögrum fjallasal, sofa í tjaldi þar sem þú kemst varla meira nær því að sofa úti í náttúrunni en samt með öll helstu lífsgæði við höndina og í góðum félagsskap sem er saman kominn til að hjóla. Hingað til hafa hjólaferðirnar okkar verið farnar víðs vegar um hreppinn, mest í nágrenni Klausturs, um Lakasvæðið og í eystra- Eldhrauni. Hins vegar erum við svo lánsöm að vera með úrval hjólaslóða í bakgarðinum okkar, sem orðið hafa til í gegnum aldanna rás en það er sauðkindin sem sér um að hanna og móta flestar þær hjólaleiðir sem við stefnum á að taka í notkun sumarið 2018. Þessar nýju hjólaleiðir eru allar í landi Mörtungu og eru eins og áður kom fram nú þegar mótaðar eftir kindagötum. Víða er þörf á að laga göturnar til, breikka, færa grjót úr götu og þjappa, en þó þannig að rask verði í algjöru lágmarki og að öllu leyti náttúrulegt, og ekki með neinum manngerðum pöllum og slíku sem stingur í stúf. Í slóðagerð verða fengnir til aðstoðar tveir fremstu fjallahjólara landsins, en slóðar verða hafðir eins náttúrulegir og hægt er og á sama tíma vandaðir og standast kröfur um fjallahjólasklóða. Víða í hjólagörðum eða svæðum erlendis þar sem hjólreiðar eru áberandi sér maður æfingabrautir (e. pump track) þar sem fólk á öllum aldri getur æft sig. Brautin er hringlaga með litlum hæðum og kröppum beygjum og byggist á því að nota þyngdaraflið til að "pumpa" sig áfram. Hugmyndin er að setja upp slíka braut hjá okkur, sem gestir geta notað að vild milli hjólaferða, á kvöldin eða hvenær sem þeim hentar á meðan á dvöl þeirra stendur. Æfingabraut sem þessi er ekki síst skemmtileg fyrir krakka og unglina, er góð upphitun en líka góð til að ná betri tökum í hjólreiðum. Við gerð æfingabrautar þarf mikla jarðvinnu og flutning á efni, en sú þjónusta verður keypt úr héraði (Helgi Kjartansson). Auk hjólaferða sjáum við fyrir okkur að skipuleggja aðra viðburði og taka á móti litlum hópum þar sem áherslur verða á útivist. Fyrir sumarið 2018 höfum við þrjá viðburði fyrirhugaða; fjallahjólánamskeið fyrir byrjendur, útivistarhelgi fyrir krakka 10-13 ára og enduro keppni Íslands í fjallahjólreiðum. Með þessu verkefni erum við að opna landið okkar fyrir útivistarfólki og hjólafólki, bæði innlent og erlent. Helsti ávinningur af verkefninu:

- Atvinnuskapandi og framleiðniukandi verkefni fyrir eigendurna tvo, og síðar sumarstarfsmann. Verkefnið eflir fjölbreytileika atvinnulífs og samfélagsþróun

- Samfélagslegur ávinningur af viðburðum. Hægt að mæla og meta með fjölda þátttakenda. Heimamenn geta notið góðs af og eiga greiðan aðgang að nýrri afþreyingu í sinni sveit
- Ný vara og þjónusta á markaði, störf okkar eru mælanleg og skila efnahagslegum ávinningi. Ef vel gengur stefnum við á að ráða sumarstarfsmann árið 2019
- Verkefnið stuðlar að sjálfbærni í landbúnaði og ferðaþjónustu með því að styðja hvort annað. Kindagötur verða að hjólaslóðum, gömul útihús sem átti að rífa verða að aðstöðuhúsi fyrir hjólafólk osfrv.
- Umhverfislegur ávinningur þar sem engin mengun stafar af hjólreiðum, aðeins hjólað eftir hjólaslóðum/kindaslóðum, rask í lágmarki.
- Heilsusamlegur ávinningur fyrir alla að stunda útivist

Verkefninu var úthlutað kr. 780.000.- árið 2018.

Upplýsingum úr framvindu- og lokaskýrslum verkefnisins verður bætt hér við eftir því sem verkefninu vindur fram.